

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Yfirlit yfir mætingar í borgarstjórn, borgarráð, fagráð og hverfisráð

Á fundi forsætisnefndar þann 15. janúar sl. var samþykkt svohljóðandi tillaga samþykkt:

Forsætisnefnd felur skrifstofustjóra borgarstjórnar að kalla eftir yfirliti yfir mætingar í borgarstjórn, borgarráð, fagráð og hverfisráð borgarinnar það sem af er kjörtímabilinu. Jafnframt að lagt verði fram yfirlit yfir mætingu og innköllun varamanna fjórum sinnum á ári.

Með vísan til þess er óskað eftir því að útbúið verði yfirlit yfir mætingar aðalmanna í stjórnkerfis- og lýðræðisráði frá upphafi kjörtímabilsins þ.e. 16. júní 2014 til dagsins í dag. Þess er óskað að yfirlitið verði sett upp eftir fundum, þar sem fram kemur hvaða aðalmaður boðaði forföll á fundinn og hvaða varamaður tók sæti í hans stað. Þess er óskað að yfirlitið berist skrifstofu borgarstjórnar fyrir 15. febrúar nk. svo unnt verði að leggja yfirlitið fram á fundi forsætisnefndar sem haldinn verður 19. febrúar nk.

Helga Björk Laxdal
e.u.